

**Pór hestar**

Björk 1
806 Selfoss

Gjögurtá ehf.

Hafnargata 6
610 Grenivík

Selfossi
18.11.2025

Efni: Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að Björk 1, L211337, Grímsnes- og Grafningshreppi

Vegagerðinni barst umsókn um nýjan héraðsveg að Björk 1, L211337 í Grímsnes- og Grafningshreppi dags. 10.05.2025. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, þar sem fram kemur að:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Í umsókninni kemur fram að sótt er um héraðsveg á grundvelli þess að skilyrði laganna um býli, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna sé uppfyllt og fylgdu eftirfarandi gögn því til stuðnings:

- Vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu
- Hönnunaruppdráttur af fyrirhuguðum vegi
- Uppdráttur af staðsetningu vegar
- Meðmæli skipulagsnefndar UTU um að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna vegalagningar og hafa grenndarkynningu
- Lyngdalur L168232 (Björk 1 211337); Vegagerð og vatnslögn; Framkvæmdaleyfi
- Staðfest samþykki landeigenda jarðar sem vegur liggur um að hann verði tekinn inn sem héraðsvegur

Með bréfi dags. 28.10.2025 var umsóknin samþykkt. Einnig kom fram að eftir vettvangsskoðun hafi Vegagerðin áætlað kostnað vegna vegarins alls 8,8 mkr. og að Vegagerðin greiði helming af kostnaði vegna vegarins.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Líkt og fram kom í samþykki umsóknarinnar fer endurgreiðsla helmings kostnaðar í fyrsta lagi fram þegar fengist hefur fjárveiting til verksins innan Vegagerðarinnar. Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar frestar þó ekki færslu vegarins inn á vegaskrá. Að verki loknu skyldi verkið tekið út af hálfu Vegagerðarinnar og væri það forsenda fyrir því að vegur verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Starfsmenn Vegagerðarinnar fóru í lokaúttekt á vettvang dags. 12.11.2025. Vegurinn er uppbyggður með 50-70 cm þykku styrktarlagi og ágætu malarslitlagsefni og er í samræmi við hönnunarteikningu sem fylgdi umsókn.

Niðurstaða: Vegurinn að Björk 1, L211337 í Grímsnes- og Grafningshreppi verður færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Þegar öll skilyrði endurgreiðslu eru uppfyllt og fjárheimild er fyrir hendi fá umsækjendur upplýsingar sendar á netföngin einarthorjo@gmail.com og jorundur@logbyli.is um verknúmer til að setja á reikning til að senda Vegagerðinni fyrir samþykktir kostnaðarhlutdeild.

Afrit sent á sveitarfélagið: gogg@gogg.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Elín Fjóla Þórarinsdóttir
Sérfræðingur tæknideild

Rafræn undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin